

Fulltrúaráðsfundur HRFÍ

26. nóvember 2013

Skrifstofa HRFÍ, Síðumúla 15, kl. 19:30-21:00

Fundastjóri: Jóna Th. Viðarsdóttir formaður

Ritari: Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri

Mættir voru fulltrúar frá eftirfarandi deildum: Chihuahuedeild, Tíbet Spanieldeild, DIF, Cavalierdeild, Svæðisfélagi Norðurlands, Schnauzerdeild, Írsk setterdeild, Síberían Huskydeild, Fjár og Hjarðhundadeild, Smáhundadeild, Ípóttadeild, Grefil og sporhundadeild, Shih Tzudeild, Retrieverdeild og Ensk cockerdeild.

1. Fréttir/tilkynningar frá skrifstofu HRFÍ

Sýningar félagsins hafa gengið vel, en 845 hundar voru skráðir til þátttöku á síðustu sýningu félagsins helgina 16-17.nóvember sl.

Augnskoðun var þessa sömu helgi og voru 258 hundar skoðaðir. Greindust fjórir hundar með augnsjúkdóma, sem leiða til ræktunarbanns, en í heildina voru skráðar sextíu athugasemdir, misalvarlegar þó. Að þessu sinni var ákveðið í sparnaðarskyni að vera með einn dýralækni í þrjá daga í stað tveggja dýralækna í tvo daga. Þessi ráðstöfun kom vel út og sparaðist með því flug og gisting fyrir einn dýralækni. Áætlað er að gera þetta þannig framvegis og með því gætum við fjölgað um eina augnskoðun á ári og bætt þannig þjónustuna við félagsmenn.

Söfnun vegna húsnæðis gengur vel. Nú þegar er búið að greiða upp samning við Íslandsbanka og hefur bankinn felld niður eftirstöðvar skuldar Ra ehf. við bankann. Eftir standa á söfnunarreiðingum kr.500.000, sem vonandi nær fyrir áramót kr.1.000.000. Söfnunarupphæðin verður greidd inná höfuðstól láns á 1.veðrétti Síðumúla 15, sbr.samþykkt á aukafélagsfundi 11. september. Nokkrir einstaklingar og fyrirtæki ákváðu að styrkja okkur meira og þökkum við þeim að sjálfsögðu sérstaklega fyrir það.

Stjórn HRFÍ hefur samþykkt reglugerð, sem tók gildi 1.nóvember, um rekstur og viðhald Sólheimakots og tilnefnt aðila í stjórn Sólheimakots. Fyrsta verk nýrrar stjórnar Sólheimakots var að laga vatnsdælu kotsins um síðustu helgi.

Aðventuhittingur verður fyrir alla félagsmenn á skrifstofu HRFÍ milli kl.17:00 og 19:00 11. desember.

Jóralokun skrifstofu verður frá og með 23.desember til 2.janúar 2014 vegna orlofs starfsmanna.

Uppskeruhátíð HRFÍ verður haldin laugardagskvöldið 25. Janúar. Sama dag verður hvolpasýning HRFÍ haldin í húsnæði Gæludýr.is á Korputorgi. Þrjár stigahæstu ræktendur HRFÍ árið 2013 verða heiðraðir á uppskeruhátíðinni.

Í byrjun næsta árs er stefnt að kynningu á nýju dýraverndarlögunum. Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir, mun kynna lögina og svara fyrirspurnum. Dagsetning hefur ekki enn verið ákveðin.

Það hefur gengið þokkalega vel allt árið að manna vinnu á sýningum félagsins. Gerðar voru þær breytingar í byrjun árs að hver deild þarf að manna eina sýningu á ári og færra fólk þarf í staðinn frá hverri deild. Deildirnar eru að sjálfsögðu misvirkar og misstórar og hefur verið reynt að taka tillit til

Þess í kröfum um fjölda starfsfólks. Framkvæmdastjóri vil koma á framfæri þökkum til félagsmanna, sem margir stóðu sig einstaklegar vel, fyrir vinnu á sýningum HRFÍ árinu.

2. Stefnumótun

Nú er því komið að halda áfram góðri vinnu, sem unnin hefur verið við stefnumótun félagsins. Stjórn HRFÍ hvetur stjórnarmenn í ræktunardeildum að gefa sér tíma til að vinna frekar úr þeim gögnum, sem til eru frá stefnumótunardeginum 2011. Með þátttöku ykkar getið þið haft áhrif á mótun og starfssemi HRFÍ.

Hér að neðan er stiklað á stóru frá stefnumótunardeginum 2011 og starfi stefnumótunarteymisins.

HRFÍ stóð fyrir stefnumótunardegi fyrir félagsmenn laugardaginn 2. apríl 2011 í veitingasal Reiðhallarinnar í Víðidal. Tilgangur stefnumótunardagsins var að fá góðar hugmyndir, sem gætu nýst til að gera félagið okkar að enn betra félagi. Fundurinn byrjaði á hugflæðisvinnu þar sem viðfangsefni voru flokkuð niður. Félagsmenn samþykktu sex atriði til að vinna með, þrjú fyrir hádegi og þrjú eftir hádegi. Þremur fulltrúum frá hverri deild var boðið að taka þátt í umræðum og unnið var í 6-8 manna hópum. Hver hópur valdi sér liðsstjóra, sem skráði niðurstöður hópsins og kynnti fyrir öðrum þátttakendum. Í lok dags var gögnum safnað saman og búin til skýrsla, sem kynnt var á fulltrúaráðsfundi. Dagurinn var frábær í alla staði þar sem félagsmenn unnu af áhuga og kappi. Á fulltrúaráðsfundi var rætt um helstu niðurstöður. Í kjölfar þessarar vinnu var tilnefnt í sjö manna stefnumótunarteymi, sem hóf strax að forgangsraða þeim málaflokkum, sem helst var kallað eftir breytingum á. Ákveðið var að leggja aðaláherslu á kynningar- og upplýsingastarfsemi þar sem almenn þekking á hundum og hundahaldi á Íslandi er afar takmörkuð. Ákveðið var að semja við yfirdýralæknaembættið í Sviss um þýðingu á röð upplýsingabæklinga, sem embættið hefur gefið út á síðustu árum og leggja aðaláherslu á umgengni barna við hunda. Stefnumótunarteymið vann að útkomu bæklingins „Sámur, komdu....“ sem útskýrir á einfaldan hátt hvernig börn eiga að hegða sér við hunda hvort sem þau þekkja þá eða ekki. Hafrún Stefánsdóttir sá um þýðingu yfir á íslensku. Kynningarstarf bæklingins hófst á Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2012 þar sem fulltrúar Hundaræktarfélags Íslands voru með hunda til sýnis í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum helgina 21. – 22. apríl og afhentu börnum og forráðamönnum þeirra bæklinginn. Leikskólinn Grandaborg óskaði eftir heimsókn með hunda til að kynna og afhenda bæklinginn. Heimsóknin tókst með eindæmum vel og hafa fleiri leikskólar sýnt verkefninu áhuga. Bæklingurinn var einnig afhentur á „Sunnlenska sveitardeginum“ á Selfossi 5. maí. Fulltrúar félagsins kynntu bæklinginn og umgengni við hunda á bæjarhátíðinni „Vor í Árborg“. Allar þessar kynningar hafa heppnast mjög vel og verið jákvætt innlegg í umræðuna um gott og ábyrgt hundahald. Búið er að gera samning við sveitarstjóra Árborgar að fulltrúar HRFÍ heimsæki alla leikskólana á svæðinsvæðinu og kynni bæklinginn. Óskað var eftir að hundar kæmu með í heimsóknirnar. Stefnumótunarteymið tók að sér að þýða og staðfæra DVD „Din hund“ með leyfi SKK. VÍS, styrktaraðili HRFÍ, greiddi kostnað við útgáfu disksins. Þessi diskur fylgir öllum nýjum ættbókum félagsins.

Á fulltrúaráðsfundi þann 10. apríl síðastliðinn kynnti Guðmundur A. Guðmundsson, varamaður í stjórn HRFÍ, vinnu stefnumótunarteymis. Þar fór hann yfir hvernig vinna teymisins byrjaði og helstu niðurstöður. Kynnti hann jafnframt ákvörðun stjórnar að nýr stefnumótunardagur væri áætlaður þann 21. apríl með þátttöku að minnsta kosti tveggja aðila frá hverri deild. Aðeins 11 aðilar skráðu sig til þátttöku frá enn færri deildum. Ekki var talið ásættanlegt að fara í þessa vinnu með færri en 20 fulltrúum deilda.

Nú á að reyna aftur og hefur stjórn HRFÍ óskað eftir að hver deild skipi 1-2 aðila, sem koma að áframhaldandi vinnu í stefnumótunarteyminu fyrir deildina. Ekki er nauðsynlegt að um

stjórnarmeðlimi sé að ræða en gott ef sá aðili sem kemur hafi góða þekkingu á félaginu. Gríðalega mikilvægt er að allar deildir sendi sinn fulltrúa.

Stefnan er sett á að næstu stefnumótunardagur verði í janúar/febrúar en hann verður auglýstur með góðum fyrirvara.

3. Fræðsluprógram Litháenska klúbbsins

Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri og Jóna Th. Viðarsdóttir formaður sóttu FCI Euro Section fund í Genf í haust. Þar var meðal annars kynning frá Litháeska kennelklúbbum á viðamiklu kynningarverkefni á almennri dýravernd og hundaeign sem klúbburinn fór af stað með í fyrra. Kynntu Fríður og Jóna verkefnið og farið var yfir glærur frá Litháeska klúbbum, sýnd nokkur kynningavídeó og dagatal sem Litháeski klúbburinn lét gera, en allt kynningarefnið stendur HRFI til boða að nýta ef við höfum áhuga á.

4. Önnur mál

- Umræða um nýju heimasíðuna. Sumum finnst hún óaðgengileg og erfitt að finna efni á henni
- Rætt um að leyfa yngri hvolpa á hvolpasýningum eða hvolpa allt niður í 3ja mánaða aldur. Það þekkist erlendis og ef þeir eru fullbólusettir ætti í raun ekkert að vera því til fyrirstöðu hjá okkur. Fríður Esther ætlar að taka málið upp hjá sýningastjórn HRFÍ.
- Svæðafélag Norðurlands kom með fyrirspurn um hvort hægt er að halda fulltrúaráðsfundi nær helgum þannig að þeir sem eru fulltrúar gætu mögulega nýtt sér helgarferð
- Þó nokkrar deildir eru alveg óvirkar og rætt var um að mögulega mætti sameina einhverjar deildir eða hreinlega leggja þær niður
- Rætt um tvöföldu afmælisýninguna, sem haldin verður í júní á næsta ári, í tilefni 45 ára afmælis félagsins. Fyrri dagurinn verður Reykjavík Winner sýning og seinni dagurinn alþjóðleg sýning. Hugmyndin er að hafa hluta sýningarinnar úti .
- Auður Valgeirsdóttir frá Tibetspanieldeild sagði frá að nú væri hægt að DNA prufa fyrir PRA3 í tegundinni og umræða fór af stað um hvernig deildir standa að DNA prófum.
- Formaður DIF, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, sagði frá opnu húsi DIF n.k.fimmtudagskvöld, þar sem Þórhildur Bjartmarz verður með fyrirlestur um sögu íslenska fjárhundsins og sögu hunda á Íslandi.